



16. MARS 2020

TAKMARKANIR Á SKÓLASTARFI
DJÚPAVOGSSKÓLA
MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR

SIGNÝ ÓSKARSDÓTTIR
SKÓLASTJÓRI

Efnisyfirlit

Skólastarf Djúpavogsskóla frá 17. mars – 3. apríl.....	2
Hugrekki – Virðing - Samvinna.....	2
Fyrirkomulag skóladagsins hjá okkur frá 17. mars – 3. apríl.....	3
Viðvera	4
Skólahúsnaðið	4
Heilbrigði og velferð	4
Mötuneyti.....	5
Skólabílar.....	5
Upplýsingagjöf	5

Skólastarf Djúpavogsskóla frá 17. mars – 3. apríl.

Næstu vikur í skólastarfinu eru skipulagðar í takt við auglýsingu ráðuneytis um takmarkanir í skólastarfi.

Í 4. gr. segir: Grunnskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum að þeim skilyrðum uppfylltum að ekki séu fleiri en 20 nemendur í kennslu í sömu stofu og að nemendur blandist ekki milli hópa, s.s. í mötuneyti eða frímínútum. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrífa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

Athugið að í auglýsingu um takmörkun á skólastarfi eru **EKKI sett viðmið um 2 metra fjarlægð** á milli barna eins og gert er varðandi samkomubannið.

Takmarkanir á skólastarfi fela í sér að:

1. Kennsla verði í hópum með ekki fleiri en 20 nemendum og ekki verði um blöndun hópa að ræða innan skóladagsins. Hver hópur hafi eina stofu til umráða. Öll kennsla fari fram í stofu viðkomandi hóps.
2. Skólar halda úti eins miklu skólastarfi og kennslu og kostur er við þessar aðstæður og fyrirskipaðar takmarkanir. Það er í höndum hvers sveitarfélags/skóla að útfæra skiptingu kennslu milli viðveru í skóla og náms heima. Eðlilegt er að yngstu nemendur hafi forgang að viðveru í skóla. Bent er á fræðslu og stuðningsefni á vef Menntamálastofnunar og hjá RÚV. Allir nemendur hafi regluleg tengsl við skólann, þ.e. ýmist komi í skólann eða hafi samskipti við kennara með öðrum leiðum. Eftirfylgni verði höfð með ástundun náms og mikilvægt að foreldrar taki þátt í því verkefni. Lögð verði áhersla á stöðuga virkni nemenda og reglulega hreyfingu. Nákvæm útfærsla verður ólík milli skóla/sveitarfélaga.
3. *(SÉR)GREINAKENNSLA Í SÉRÚTBÚNUM STOFUM/RÝMUM FALLI NIÐUR* Öll venjubundin kennsla í list- og verkgreinastofum falli niður. Íþrótt- og sundkennsla verði í formi hreyfingar á skólalóð, annarri útikennslu eða inni í hópastofum. Sérgreinastofur má nota fyrir ákveðna (fasta) hópa ef þörf er fyrir að skipta bekkjum til að fara ekki yfir viðmiðunarfjöldi hópa. Einstaka skóli skipuleggur nánari tilhögun skóladagsins og kennslutilhögun.
4. *SÉR-/STARFSDEILDIR* Sér-/starfsdeildir verði með óbreytta starfsemi eftir fremsta megni.
5. *MATARÞJÓNUSTA* Matarþjónusta verði í boði í skóla ef mögulegt er að koma því við. Öll matarneysla fari fram í heimastofum eða í matsal skóla þar sem því verður við komið.
6. *VETTANGSFERÐIR falli niður* sem og ferðir í skólabúðir.

Hugrekki – Virðing - Samvinna

Starfsfólk Djúpavogsskóla ætlar að vinna eftir einkunnarorðum skólans Hugrekki – Virðing – Samvinna og vera skapandi í lausnaleit.

Við munum byrja daginn á morgun á því að upplýsa nemendur vel um skipulagið næstu vikurnar. Við verðum þó að hafa í huga að ef við fáum ný fyrirmæli frá yfirvöldum þá getum við þurft að gera nýjar áætlanir.

Fyrirkomulag skóladagsins hjá okkur frá 17. mars – 3. apríl

- Umsjónarkennarar taka á móti sínum hópum að morgni og nemendur fara beint inn í sína kennslustofu.
- Nemendur úr skólabíl fá að fara inn í sínar stofur. Gæta skal þess að hópar komi aðskildir inn í skólann og fari aðskildir út úr skólanum.

Bekkur	Mæting í skóla	Frímínútur	Matur	Heimför í lok dags
1	8.00	9.30	11:10	Nemendur fara heim samkvæmt stundatöflu en við gætum þess að einn hópur yfirgefi skólann í einu.
2-3	8.10	9.50	11:30	
4-5	8.15	10.10	11:50	
6	8.20	9.20-9.30	12.10	
7-8	8.25	Útivist í töflu	12:30	
9-10	8.30	Útivist í töflu	12.50	

Almennt um kennsluna

- Reynt verður að halda flestum þáttum skólastarfsins gangandi næstu 14 kennsludaga.
- Við munum leggja áherslu á að standa reglulega upp, fara út þó að ekki sé skipulagður útivistartími og halda slöku andrúmslofti í skólanum.

Íþróttir og sund

- Íþrótt- og sundkennsla með hefðbundnu sniði fellur niður. Við munum samt sem áður halda inni hreyfingu utandyra og ef veður er vont verður kennt inni í stofum.

Listgreinar

- Listgreinar verða ekki kenndar með hefðbundnu sniði. En listgreinakennslan fer fram inni í bekkjarkennslustofum en með einfaldara sniði því ekki er hægt að bera áhöld og efni á milli stofa og tryggja sótthreinsun á milli hópa.

Tölvukennsla

- Tölvukennsla verður ekki með sama sniði og venjulega, vegna þess að sótthreinsa þarf tölvur og ípada eftir hverja notkun.
- Við munum þó halda tölvutímum inni og lögð verður áhersla á að ræða um netöryggi og ábyrga notkun samfélagsmiðla.

Samsöngur

- Því miður verðum við að fella niður samsönginn.

Ritföng og fleira

- Í dag höfum við sótthreinsað blýanta, reglustikur og aðra muni sem nemendur nota í skólanum. Hver nemandi hefur þetta í sínu pennaveski.

Samstarf milli skólastiga

- Allt samstarf milli skólastiga leik- grunn og framhaldsskóla fellur niður þar til annað verður ákveðið.

Afleysingar

- Afleysingar gætu orðið flóknar við þessar aðstæður og biðjum við foreldra um að sýna því skilning ef til þess kæmi að senda börn heim. Við munum samt reyna eftir fremsta megni að láta það ekki gerast.

Heimsóknir í skólann

- Það eru vinsamleg tilmæli til foreldra að koma ekki inn í skólann með börnum sínum heldur kveðja þau við innganginn.
- Við tökum ekki á móti gestum á þeim tíma sem takmarkanir eru á skólastarfinu.

Viðvera

- Viðveran verður í skólanum og munu börn í 1. bekk vera í sinni stofu í viðveru og börn í 2. og 3. bekk vera í sinni stofu. Okkur er ekki heimilt að blanda hópunum saman. Ef foreldrar geta haft börn sín heima eða sótt þau fyrr á daginn þá þætti okkur vænt um það. **Vinsamlega látið Krístrúnu vita með því að senda póst á netfangið kristrun@djuvovogur.is** Gott er að senda börnin með riflegt nesti í skólann því dagurinn þeirra er langur og matartíminn á yngra stigi byrjar snemma dags.
- Reynt verður að skipuleggja viðveruna út frá því að vera sem mest úti.

Skólahúsnæðið

Anddyri

- Nemendur verða sendir heim með öll aukaföt á morgun og foreldrar beðnir að halda fjölda útivistarfata í lágmarki og í lokuðum pokum sem hægt er að hengja upp á snaga barnanna.

Þrif á skólahúsnæði

- Þrif verða í samræmi við reglur, t.d. að ef blöndun hópa er í sömu stofu þarf að þrifa á milli. Við fylgjum leiðbeiningum frá landlæknisembættinu.
- Salernin í skólanum verða þrifu oft og yfir daginn.
- Allir starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að spritta og strjúka reglulega af yfirborðsflötum s.s. borðum, hurðahúnum, ljósrofum og helstu álagsblettum þar sem margir snerta.

Heilbrigði og velferð

Grunur um smit

- Ef grunur vaknar um smit hjá starfsmanni eða barni skal viðkomandi fara strax heim og stjórnandi tilkynna um tilvikið í síma 1700, til heilsugæslu eða skólahjúkrunarfræðings. Sömu aðilar veita nánari upplýsingar um viðbrögð.

Veikindi

- Nemendum og starfsmönnum er bannað að mæta veikir í skólann.
- Ef fjölskyldur meta það svo að senda nemendur ekki í skóla vegna undirliggjandi veikinda barnsins, fjölskyldumeðlims eða annarra áhættuþátta skal tilkynna það til skólastjóra, skolastjori@dju pivogur.is

Hreinlæti

- Allir starfsmenn skólans eru ábyrgir fyrir því að þvo sér reglulega um hendur og nota spritt.
- Nemendur eru áfram hvattir til að þvo sér með sápu reglulega yfir daginn og fara eftir leiðbeiningum um almennt hreinlæti.
- Þegar kennarar þurfa að fara á milli hópa vegna kennslu verða þeir að gæta þess að þvo hendur vel og spritta sem og kennsluáhöld og annað sem viðkemur kennslunni.

Mötuneyti

- Nemendur fara í sínum hópi í mat og þarf hver hópur að hafa yfirgefið mötuneytið áður en næsti hópur fer inn. Þetta er gert til þess að nemendur mætist ekki í forstofunni.
- Borð í borðsal mötuneytis eru sótthreinsuð á milli hópa.
- Matur er skammtaður af starfsfólki sem notar einnota hanska við vinnu sína.

Skólabílar

- Skólabílar halda áfram skólaakstri. Börn, sem eiga viðkvæma aðstandendur, gætu þurft að halda sig frá skólabílum og er það foreldra að leggja mat á það. Bil milli nemenda í kennslustofum og skólabílum er ekki skilyrt við 2 metra en varast ber að hópar sem aðgreindir eru í skólunum blandist saman í skólabílum. Þrif á skólabílum séu í samræmi við viðmið landlæknis um skólahúsnæði.
- Nemendur úr skólabíl fá að fara inn í sínar stofur um leið og skólabíllinn kemur að skóla.
- Skólabílar munu keyra heim fyrr en venjulega og er brottför frá grunnskólanum kl. 13.50 hvern dag.

Upplýsingagjöf

- Það getur margo breyst með stuttum fyrirvara og við fylgjum viðmiðum yfirvalda og sveitarfélags frá degi til dags.
- Við munum reyna að upplýsa foreldra eins vel og við getum á hverjum tíma. Foreldrum er velkomið að senda okkur línu með fyrirspurnum eða hringja ef eitthvað er óljóst.
- Umsjónarkennarar senda ykkur póst á morgun með nánara skipulagi kennslunnar.

Mikilvægar upplýsingaveitir

- Vefur landlæknis og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra:
<https://www.covid.is/>
<https://www.covid.is/english>
<https://www.landlaeknir.is/>
<https://www.landlaeknir.is/english/>
<https://www.landlaeknir.is/languages/polish/>